

Endalaust hlaup í hringi

- Ósk Vilhjálmsdóttir sýnir sérstaka innsetningu í A-sal Hafnarhússins
- Þegar skyggja tekur er kvikmyndahluta innsetningarinnar varpað út á götu

Silja Björk Huldudóttir
silja@mbl.is

„Í gömlu ævintýri er að finna frásögn af tígrisdýrum sem fóru að elta skottið hvert á öðru í baráttu sinni um völd. Dýrin hlupu í hringi þar til þau bráðnuðu og urðu að smjöri,“ segir Ósk Vilhjálmsdóttir myndlistarmaður þegar hún er spurð um nafngiftina á nýjustu sýningu sinni, Tígrisdýrasmjör, sem nýverið var opnuð í Hafnarhúsinu og stendur til áramóta. Á síðustu árum hefur Listasafn Reykjavíkur leitast við að tengjast almenningsrými borgarinnar og efna til þjóðfélagslegrar umræðu innan veggja safnsins. Ósk er sjötti listamaðurinn sem gerir sérstaka innsetningu í A-sal Hafnarhússins með þetta að leiðarljósi.

„Þetta er stór og magnaður salur,“ segir Ósk og tekur fram að í raun sé sýningin tvískipt, annars vegar inni í safninu og hins vegar sé henni varpað út á götu. „Inni í safninu gefur að líta upplýstan skúlptúr sem minnir á botninn á skipsskrokk í raunstærð og hangir neðan úr loftinu í annars myrkvuðum sal,“ segir Ósk og tekur fram að þannig virðist sem rýminu hafi verið sökkt, sem sé mjög viðeigandi þar sem Hafnarhúsið standi á gamalli landfyllingu.

Hvert erum við að fara?

„Sýningargestir heyra upptöku sem hljómar eins og einhver sé að framkominn af því að hlaupa í endalaus hringi í kringum skipsskrokkinn,“ segir Ósk og bendir á að hlaup hafi ótalmargar áhugaverðar birtingarmyndir. Þegar skyggja tekur verða hleranir teknir frá glugg-



Morgunblaðið/Eggert
Skipsskrokkur Ósk Vilhjálmsdóttir fyrir framan upplýstan skúlptúr sinn.

Ýmislegt um Ósk

» Ósk er menntuð frá Sorbonne-háskóla í París, Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Hochschule der Künste í Berlin.

» Hún hefur tekið þátt í fjölda sýninga hérlendis og erlendis og stundað kennslu við Listaháskóla Íslands og Myndlistarskóla Reykjavíkur.

unum og varpað út á götu kvikmynd sem Ósk tók á sundi sínu úti fyrir Reykjavíkurhöfn í ágúst sl. „Þessi hluti sýningarinnar verður meira áberandi í vetrarmyrkrinu eftir því sem daginn tekur að stytta,“ segir Ósk og tekur fram að sér finnst einstaklega spennandi að vinna þannig með almenningsrými og reyna um leið að ná til þeirra sem alla jafna leggja ekki leið sína á listasöfn.

Að sögn Óskar finnst henni einnig fróðlegt að skoða áhuga landans á bæði sjósundi og langhlaupi sem notið hefur mikilla vinsælda í kjölfar efnahagshrunsins. „Í þessu hrúnastandi fara margir að henda sér í sjóinn og synda. Hvert erum við að fara? Er þetta flótti eða erum við að koma til okkar?“ Þessum spurningum og fleirum verður eflaust varpað upp á listamannaspjalli um sýninguna sem fram fer í Hafnarhúsinu fimmtudaginn 6. október kl. 20.00. Þar munu Ósk og Hlynur Helgason myndlistarmaður og heimspækningur ræða við gesti um sýninguna.



Sveinn Skorri Höskuldsson

Dagskrá til minningar um Svein

Snorrastofa og Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands standa fyrir dagskrá í dag, í Skemmuni á Fitjum í Skorradal, til minningar um Svein Skorra Höskuldsson prófessor. Rithöfundurinn og fræðimaðurinn Sveinn Skorri skilaði samfélagi sínu margvíslegum ávöxtum í formi bóka og rannsókna, en hann bar uppruna sínum fagurt vitni og þeirri togstreitu sem fólst í því að hafa verið Borgfirðingur í móðurætt og Þingeyingur í föðurætt, að því er fram kemur í tilkynningu. Dagskráin hefst kl. 14 og stendur til kl. 17 og koma að henni samstarfsmenn, nemendur og ættingjar Sveins og ábúendur á Fitjum í Skorradal en Fitjar voru vettvangur í sagnaheimi hans.

Páll Valsson íslenskufraeðingur flytur erindi um ritstörf Sveins og fræðimennsku; Ásta Kristín Benediktssdóttir doktorsnemi fjallar um bók hans Svipþing; systir Sveins, Sigríður Höskuldssdóttir, bregður upp myndum úr foreldrahúsum og Þormóður Sveinsson sonur hans les upp úr Svipþingi. Þá munu Árni Björnsson dr. phil og Jónas Kristjánsson, fyrrverandi forstöðumaður Árnastofnunar, flytja minningabrot af kynnum sínum við Svein Skorra.

Tónlistaratriði verða einnig í boði og dagskrárstjóri verður Bergljót S. Kristjánssdóttir prófessor. Sveinn Skorri lést 7. september árið 2002.

SÉRBLAÐ

MEÐAL EFNIS:

- Fjölskyldubílar
- Umhverfisvænir bílar
- Rafbílar
- Atvinnubílar
- Jeppar
- Nýjustu græjur í bíla
- Staðsetningarbúnaður
- Varahlutir
- Dekk
- Umferðin
- Bíllinn fyrir veturinn
- Þjófavarnir í bíla
- Námskeið
- Ásamt fullt af öðru spennandi efni

Bílablað

Morgunblaðið gefur út glæsilegt sérblað um fjölskyldubíla, atvinnubíla, jeppa, vistvænabíla og fleira föstudaginn 7. október

ÞÖNTUNARTÍMI AUGLÝSINGA:
Fyrir kl. 16, mánudaginn 3. október.

NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFUR:
Katrín Theódórsdóttir
kata@mbl.is
Sími: 569-1105

Morgunblaðið

— Meira fyrir lesendur



Krefjandi Sigurður á æfingu fyrir Hvíflkt snilldarverk er maðurinn!

Afar krefjandi verkefni

● Sigurður Skúlason flytur einleikinn Hvíflkt snilldarverk er maðurinn!

Einleikurinn Hvíflkt snilldarverk er maðurinn! verður frumsýndur annað kvöld kl. 19.30 í Þjóðleikhúskjallaranum. Sigurður Skúlason leikur í verkinu en leikstjóri þess er Benedikt Árnason. Verkið unnu Sigurður og Benedikt upp úr höfundarverki Williams Shakespeares og segja þeir sýninguna þakklætisvott til leiklistarinnar.

Í verkinu bjóða þeir áhorfendum með sér í ferðalag um heim hins mikla leikskálds og draga upp mynd af þeim hlutverkum sem við þurfum að glíma við í „sjö þáttum eigin ævi“, hugtaks sem fengið er frá Shakespeare, úr þekktari ræðu í leikritinu Sem yður þóknast.

Sigurður flutti blaðamanni upphaf ræðunnar í síma í gær: „Öll veröldin er leiksvið, og aðeins leikarar hver karl og kona, þau fara og koma á sínum setta tíma og sérhver breytir oft um gervi og leikur sjö þætti sinnar eigin ævi.“ Sigurður segir gervin svo talin upp, allt frá

smábarni til tanlauss og blinds gamalmennis.

„Einleikurinn er bara flæði sem tekur mið af ýmsum eðlisþáttum og kenndum á mannsævinni, allt frá bernsku, hinni saklausu æskuást yfir í fullorðinna manna ást. Fullorðið fólk sem hefur metnað og berst til frama, fer í stríð og drepur hvað annað og svo, þegar fer að halla undan fæti, hvernig menn mæta þessum örlogum sínum að eldast og veikjast og deyja, hvernig menn mæta dauðanum,“ segir Sigurður um einleikinn. Inn í þetta komi heimspekilegar og tilvistarlegar spurningar, gegnum Hamlet og fleiri persónur Shakespeares. Einleikurinn sé byggður upp með ein-tölum og senum úr verkum skáldsins og hann leiki því margar persónur. „Þetta er mest krefjandi verkefni sem ég hef tekist á við á minni ævi,“ segir Sigurður. Honum þyki skemmtilegt að klífa svo háan tind.